# BORGARBYGGÐ

Skjaldarmerki

## UM BYGGÐAMERKI BORGARBYGGÐAR

*Merkið sýnir fléttu sem er byggð á fornu formi og fléttar saman það sem risið hefur hvað hæst í Borgarbyggð frá upphafi til okkar daga:*

***Saga - Menntun - Menning***

*Merkið er hannað í október 2006.*
*Hönnuður er Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður FÍT.*
*ornsmari@ornsmari.net*

## UMSÖGN DÓMNEFNDAR

*Að mati dómnefndar er merkið sérstaklega vel hannað. Formið er sterkt og afgerandi og nýtur sín jafnt lítið sem stórt; hvítt á lituðum grunni sem í lit á hvítum grunni; jafnt í afmörkuðum fleti sem utan hans.*

*Merkið er mjög sérstætt í flokki byggðamerkja. Í stað þess að kalla sjálfkrafa fram hugmynd um ákveðin einkenni t.d. í landslagi eða sögu eins og algengt er um slík merki, gefur það tilefni til fjölbreyttrar túlkunar og persónulegrar skírskotunar.*

*Höfundur merkisins, sem sækir formið í fornt fléttumynstur, valdi að hafa merkið þríeitt með tilvísun í menningu, menntun og sagnaarf héraðsins. Í merkinu má líka sjá keiluform Baulu, Skessuhorns og Hafnarfjalls og boga Eiríksjökuls jafnt sem gömlu Hvítárbrúarinnar. Það er tákn um samheldni og samvinnu íbúanna og um það hvernig framvinda mála veltur á þátttöku einstaklinganna. Í merkinu býr mikill kraftur og hreyfing en samt er það í fullkomnu jafnvægi. Samofnir þættir þess sýna styrk sveitarfélagsins og þá festu sem hverju samfélagi er nauðsynleg.*

*„Fléttan" er verðugt merki fyrir Borgarbyggð framtíðarinnar.*

## LITUR

Merkið er teiknað í einum lit, Pantone 3025, hann skal hafa til hliðsjónar við val á lit úr öðrum litakerfum s.s. process litum, veflitum, ral-litum.

Merkið skyldi ekki notað í öðrum lit nema svörtum þegar prentaðferð er í einlit.

Í undantekningartilfellum er merkið notað „negatíft" þ.e.a.s. hvítur skjöldur á dökkum grunni, þá er æskilegast að fléttan sé svört.

BORGARBYGGÐ

BORGARBYGGÐ

Letrið með merki Borgarbyggðar er
Meta Plus Bold.

## PANTONE LITIR

Pantone 3025

## PROCESS LITIR

100C 0M 0Y 51B

## SVART/HVÍTT

Process Black

BORGARBYGGÐ

## PANTONE LITIR

Merki. Pantone 3025
Letur: Pantone Coll Gray 11

BORGARBYGGÐ

## PROCESS LITIR

Merki: 100C 0M 0Y 51B
Letur: 0C 2M 0Y 68B

BORGARBYGGÐ

## SVART/HVÍTT

Process Black

*EKKI toga og teygja merkið*

## ÞAÐ SEM EKKI MÁ!

Merkinu skyldi sýnd ákveðin virðing í meðferð svo það skili hlutverki sínu sem best og sé Borgarbyggð til sóma.
Hér eru nokkur dæmi.

*EKKI setja útlínu á merkið*

*EKKI skipta um lit í „fléttunni”.*

*EKKI skipta um liti í skildinum.*